# Kjörnir varamenn í húsaleigunefnd

BORGARRÁÐ kaus á fundi sínum 4. september sl. þrjá varamenn í húsaleigunefnd. Kjörnir voru Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Hilmar Þórarinsson af G-lista og Sigríður Ásgeirsdóttir af D-lista.

# Fyrirlestur um jarðhita í Yellowstone

UNDANFARNA viku hefur dr. Donald E. White jarðfræðingur við Jarðfræðistofnun Bandaríkjanna haldið fyrirlestraröð um jarðhitamálefni, í boði Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Mánudaginn 17. september mun dr. White flytja fyrirlestur um **Jarðhita í Yellowstone þjóðgarðinum og verndun jarðhitans þar.** Fyrirlesturinn verður í stofu 101 í Lögbergi og hefst kl. 16. Áhugamenn um jarðhita og náttúruvernd eru velkomnir.



Morten Lange

# Fyrirlestrar um sveppi og háskólapólitík

MORTEN Lange fyrrverandi rektor Hafnarháskóla flytur tvo fyrirlestra í Norræna húsinu dagana 16. og 19. september næstkomandi. Í fyrri fyrirlestrinum fjallar Lange um sveppi og hefst fyrirlesturinn kl. 16.00 á sunnudag. Miðvikudaginn 19. september kl. 20.30 fjallar Lange svo um háskólapólitík vorra tíma.

Morten Lange fæddist í Óðvinsvéum 1919. Hann tók stúdentspróf í heimabæ sínum, en árið 1945 varð hann cand. mag. og 1952 dr. phil. frá Hafnarháskóla. Hann varð prófessor í grasafræði við sama skóla 1958 og síðar rektor fram til 1979. Lange er virtur og þekktur sveppafræðingur og hefur gefið út fjölda rita á því sviði, bæði vísindaleg og fyrir almenning. Auk starfa síns við háskólann hefur Lange tekið virkan þátt í dönsku stjórnmálalífi og stóð m.a. að stofnun Socialistisk Folkeparti. Hann varð þingmaður 1960, en lét af stjórnmálaafskiptum er hann varð rektor háskólans.



Hluti sýningarnefndar Haustsýningar Félags íslenskra myndlistarmanna við eitt verkanna á sýningunni. Ljósm. Ól. K. M.

# Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna

**HAUSTSÝNING Félags íslenskra myndlistarmanna hefst á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardaginn 15. september, kl. 15 og stendur fram á sunnudagskvöld 23. september. Á sýningunni eru 133 myndverk eftir 45 höfunda, þar af er 81 myndverk eftir félaga í FÍM en 18 menn utan félagsins sýna 54 myndverk.**

Á Haustsýningunni, sem hefur verið árlegur listviðburður í Reykjavík í 20—30 ár, gefur að líta málverk, höggmyndir, skúlptúr, leirmyndir, steingler og vefnað. Verkin eru öll ný og hafa flest þeirra ekki áður verið á sýningu. Örn Þorsteinsson formaður sýningarnefndarinnar sagði, að því miður væri þessi sýning ekki gott úrtak verka félaga í FÍM og gæfi heldur ekki glögga mynd af því sem væri að gerast utan félagsins. Kvað hann helst um að kenna, að nýlega hefðu myndhöggvarar haldið sýningu á Kjarvaldsstöðum og grafíklistamenn héldu nú sýningu í Norræna húsinu auk þess sem mikið hefði verið um einkasýningar að undanförnu. Kvað hann þetta hafa gert það að verkum að myndir sem sýningarnefnd bárust hefðu verið færri en undanfarin ár. Alls bárust sýningarnefnd 258 verk eftir 54 höfunda en 133 verk eru á sýningunni eins og áður er um getið. Um 90 félagar eru í FÍM.

Á blaðamannafundi sem haldinn var fyrir sýninguna kynnti Félag íslenskra myndlistarmanna þá ákvörðun sína að bjóða áhugamönnum um myndlist að gerast styrktarfélagar í FÍM. Nöfn stryktarfélaga munu framvegis birtast í sýningarskrá Haustsýningar og fá þeir ókeypis aðgang að samsýningum félagsins og kaupi þeir myndverk gegn staðgreiðslu fá þeir 10% afslátt frá félaginu. Ennfremur er ætlunin að efna til árlegs happdrættis fyrir styrktarfélaga en árgjald þeirra er 30.000 krónur. Örn sagði, að tilgangurinn með þessari ákvörðun væri að reyna að styrkja fjárhagslega stöðu félagsins.

Sýningarnefnd haustsýningarinnar skipa tíu menn: Örn Þorsteinsson, Björgvin S. Haraldsson, Guðbergur Auðunsson, Gunnar Örn Gunnarsson, Gunnlaugur Stefán Gíslason, Hringur Jóhannesson, Jónína Guðnadóttir, Magnús Kjartansson, Snorri Sveinn Friðriksson og Valgerður Bergsdóttir.



Keppt í Ökuleikni '79 í Keflavík

# Úrslitakeppni í Ökuleikni '79

**ÚRSLITAKEPPNI í Ökuleikni '79, sem Bindindisfélag ökumanna og Dagblaðið hafa gengist fyrir víða um land í sumar, verður við Laugarnesskólann í Reykjavík í dag, laugardag.**

Undankeppnir í Ökuleikni '79 eru alls 14 í ár víða um landið og er þeim nú lokið. En tveimur hlutskörpustu keppendum á aldrinum 18—25 ára frá hverjum stað gefst kostur á að taka þátt í úrslitakepnninni. Úrslitakeppnin er byggð upp á svipaðan hátt og undankeppnirnar nema þrautaplanið verður stærra og mun erfiðara og munu keppendur fara tvær umferðir í gegnum það.

Þeir tveir keppendur sem hlutskarpastir verða í úrslitakeppninni fá í verðlaun vikuferð til Englands í nóvember n.k. þar sem þeir keppa fyrir Íslands hönd í norrænni ökuleikni ásamt Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Sú keppni er hvorutveggja einstaklingskeppni og keppni milli landa. Í fyrra varð Ísland í öðru sæti í Englandi. Í Englandi fæst einnig úr því skorið hver mun hljóta titilinn ÖKULEIKNIR ÍSLANDS '79.

Keppnin á laugardaginn kemur verður eins og fyrr er getið haldin við Laugarnesskólann í Reykjavík og hefst seinni umferð keppninnar kl. 15.00. Að henni lokinni verður verðlaunaafhending að Hótel Esju.

# Heimspekifyrirlestrar Geach og Anscombe í Lögbergi um helgina

**HJÓNIN Peter Geach og Elizabeth Anscombe, sem bæði eru í hópi kunnustu heimspekinga veraldar um þessar mundir, flytja opinbera fyrirlestra um helgina í boði heimspekideildar Háskóla Íslands og Félags áhugamanna um heimspeki.**

Bæði Anscombe og Geach voru nemendur Ludwigs Wittgensteins, sem margir telja fremsta heimspeking tuttugusta aldarinnar, en Anscombe er eftirmaður Wittgensteins í prófessorsembætti í Cambridge og aðalritstjóri eftirlátinna verka hans. Hún er þó í mestum metum fyrir rit sitt **Intention** (Ætlun), sem er eitt móðurrit þeirrar viðamiklu sérgreinar samtímaheimspekinnar, sem heitir „athafnafræði" („philosophy of action") og haft hefur mikil áhrif á siðfræði, réttarheimspeki og kenningar samtímaheimspekinnar um samband sálar og líkama.

Peter Geach, sem er prófessor í Leeds, hefur mesta stund lagt á rökfræði, og er ritgerðum hans um þau efni safnað saman í ritsafnið **Logic Matters.** Hann hefur líka samið víðkunnar bækur og ritgerðir um trúarheimspeki, en þau hjón eru kaþólskrar trúar. Má þar nefna ritið God and the Soul (Guð og sálin) og þriggja binda ritverk um helztu ráðgátur kristinnar guðfræði. Tvö bindi verksins eru komin út, **The Virtues** (Dyggðirnar) og **Providence and Evil** (Forsjón og böl), og von er á hinu þriðja um lögmál og frelsi innan skamms. Saman hafa hjónin skrifað bókina **Three Philosophers** (Þrír heimspekingar) um Aristóteles, heilagan Tómas Akvínas og Gottlob Frege.

Vísindasjóður stendur að miklu leyti straum af Íslandsför þeirra Anscombes og Geach, en auk þess að halda fyrirlestrana nú um helgina munu þau eiga rökræður um trúmál við kennara og nemendur í guðfræðideild.

Heimspekifyrirlestrarnir verða fluttir í stofu 101 í Lögbergi. Fyrirlestur Peters Geach, sem hefst kl. 14.30 á laugardag, nefnist „Names and Reference", en fyrirlestur Elizabeth Anscombe, „Searching for a Definition of Murder", hefst kl. 14.30 á sunnudag.

Báðir fyrirlestrarnir verða fluttir á ensku og er öllum heimill aðgangur.

Morgunblaðið
NÝTT SÍMANÚMER Á AFGREIÐSLU
83033